

LEIÐBEININGAR

við tilkynningareyðublað um stofnun einkahlutafélaga/hlutafélaga
(númerin fremst samsvara númerum á tilkynningareyðublaði)

- 2a)** Lögheimili einkahlutafélaga/hlutafélaga skal skrá við götur, ekki bara í ákveðnum hreppi eða sveitarfélagi. Varnarþing tekur svo mið af lögheimilinu, þannig að varnarþing getur ekki verið á öðrum stað en lögheimilið. Ekki er hægt að skrá félag eingöngu í pósthólfi.
- 5a)** Tilgangur félags kemur oftast fyrir á þremur stöðum í venjulegum stofngögnum (**þ.e. í samþykktum, stofnsamningi og tilkynningunni um stofnun félagsins**), og skal sami texti vera í öllum skjölunum.
- 6)** Sjá í þessu sambandi 2., 3. og 4. mgr. 3. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og lög nr. 2/1995 um hlutafélög, en samkvæmt 3. mgr. eru þeir, sem geta verið stofnendur tæmandi taldir í greininni **og geta þar af leiðandi íþróttafélög, stéttarfélög, ungmennafélög eða önnur áhugamannafélög ekki verið stofnendur, nema til komi samþykki viðskiptaráðherra.** Stofnendur mega hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né bú þeirra undir gjaldprotaskiptum. Ef þeir eru einstaklingar skulu þeir vera lögráða, sbr. 4. mgr. 3 gr. laganna.
- 7a)** Þótt 1. mgr. 39. gr. einkahlutafélagalaga geri ráð fyrir fæst þriggja manna stjórn sem almennri reglu, er langalgengast að stofnendur einkahlutafélaga velji undantekningarreglu greinarinnar og kjósi einn mann í stjórn og einn til vara, þegar hluthafar eru fjórir eða færri. Í hlutafélögum skulu hins vegar eiga sæti fæst þrjú aðalmenn, sbr. 1. mgr. 63. gr. hlutafélagalaga.
- 8a og 9a)** Í stofnfundargerð skal tilgreina hverjir skulu vera framkvæmdastjórar og prókúruhafar, nema jafnframt fylgi stofngögnum útskrift frá fyrsta stjórnarfundum þar sem ákvarðanir eru teknar um þessi atriði. Hafa skal hér í huga ákvæði 1. mgr. 46. gr. einkahlutafélagalaga og 1. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga en þar segir að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því og ennfremur að stjórnarformaður er aðeins kosinn í fjölskipaðri stjórn, en í eins manns stjórn tölum við um stjórnarmann eða aðalmann stjórnar, **þ.e. ef einn maður er í stjórn þá má hann líka vera framkvæmdastjóri en ef fleiri en einn eru í stjórn þá má stjórnarformaður ekki vera framkvæmdastjóri.** Einnig þykir rétt að vekja athygli á 2. mgr. 41. gr. einkahlutafélagalaga og 2. mgr. 65. gr. hlutafélagalaga en þar segir að meirihluta stjórnar skulu mynda menn sem eru ekki framkvæmdastjórar í félaginu.

- 10)** Athuga í þessu sambandi að firmaritun er ekki sama og prókúruumboð. Stjórn félags ritar firmað og skulu í samþykktum félaga vera ákvæði um firmaritun, þ.e. hversu marga þarf til að skuldbinda félagið. Prókúruumboð nær jafnan aðeins til hins daglega reksturs á vegum félagsins og ritar prókúruhafinn þá oftast samkvæmt prókúrunni með skammstöfuninni pr.pr. (per prókúra) og nafn félagsins. Firmaritun skal hins vegar beytt þegar um meiriháttar skuldbindingar (óvenjulegar ráðstafanir) er að ræða á vegum félagsins og skal þá rita fyrir hönd (f.h.) félagsins.
- 11,13, 14a og 14b)** Stofnfé í einkahlutafélagi að lágmarki kr. 500.000,- skal vera að fullu greitt við skráningu. Ætlast er til að þeir sem tilkynntir eru inn sem endurskoðendur/skoðunarmenn fyrir ný félög, staðfesti bæði að þeir hafi tekið að sér endurskoðunina og einnig að upplýsingar í stofngögnum varðandi innborgun stofnfjár í peningum séu réttar. Stofnfé má greiða með öðrum verðmætum en peningum, ef þau mega nýtast félaginu. Þegar greitt er í öðru en peningum skal tilgreina í stofnsamningi hvert greiðsluandlagið er. Jafnframt skal fylgja stofnsamningum skýrsla sem hefur að geyma nánari upplýsingar um greiðsluna, sbr. 2. mgr. 5. gr. einkahlutafélagalaga og 1. mgr. 6. gr. hlutafélagalaga. Einnig skal fylgja yfirlýsing löggilts endurskoðanda eða lögmanns um að skýrslan samkvæmt 2. mgr. 5. gr. einkahlutafélagalaga sé rétt, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, sbr. og 7. gr. hlutafélagalaganna þ.e. að þeir staðfesti að tilgreind verðmæti svari a.m.k. til fjárhæðar þeirra hluta sem félagið lætur af hendi fyrir þau. Ekki nægir að skoðunarmenn staðfesti skýrsluna. Þeir geta sem sé aðeins staðfest innborgun á stofnfé í peningum. Sömu ákvæði gilda um greiðslu stofnfjár í hlutafélögum að öðru leyti en því, að þar er lágmark stofnfjár kr. 4.000.000,- og skal helmingur vera greiddur við skráningu, en þó aldrei lægri fjárhæð en sú sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð samkvæmt 3. mgr. 1. gr. hlutafélagalaganna sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga.
- 18)** Samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 7. gr. einkahlutafélagalaga og 5. tl. 2. mgr. 9. gr. hlutafélagalaga skal tilgreina fjárhæð hluta (sé hlutafé á annað borð skipt í hluti) og atkvæðisrétt hluthafa. Algengast er nú orðið að skipta hlutafé í krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar og fylgir þá hverri krónu í hlutafé eitt atkvæði. Rangt er því að skipta hlutafé í þá hluti sem henta þykir án þess að tilgreina ákveðnar fjárhæðir.
- 21a)** Samkvæmt 57. gr. laga nr. 144/1994 um ársreikninga skal aðalfundur eða almennur hluthafafundur kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfélag eða skoðunarmenn í samræmi við ársreikningslögin og samþykktir viðkomandi félags. Þeir einir kallast endurskoðendur sem uppfylla ákveðin skilyrði og ráðherra hefur löggilt til endurskoðunarstarfa. Aðrir sem kosnir eru til endurskoðunarstarfa kallast samkvæmt þessu skoðunarmenn.

Endurskoðendur, skoðunarmenn eða varaskoðunarmenn mega ekki vera skyldir eða tengdir stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða prókúruhöfum viðkomandi félags.